

Óðsmál in fornu, safnrit, 40 bindi/skræður
ISBN 978-9935-409-40-9

37. ISBN 978-9935-409-36-2

vitundarþroska- menntun

**mennt er máttlaus
án síns eigin grunns**

**alheimur stjórnast úr kyrrð
maðurinn getur stjórnað úr kyrrð**

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080



-Vitundarþroskamenntun?

consciousness-based education CBE

www.cbeprogram.org

www.adhd-tm.org

www.stressfreeschools.org

Fred Travis^a,  , David A.F. Haaga^b, John Hagelin^c, Melissa Tanner^b, Sanford Nidich^d, Carolyn Gaylord-King^d, Sarina Grosswald^c, Maxwell Rainforth^d and Robert H. Schneider^d

<http://www.brainresearch.mum.edu/>

-Rannsókn innan vitundar þroskar alla menn.

Mennt er máttlaus án síns eigin grunns.

Þekkingin er í vitundinni.

Vitsmunir, greind, sköpunarhæfileikar, snilld eru miklu verðmætari en þjálfunin í vinnunni miklu, sem vinnufiklarnir halda að sé svo mikil lífsnauðsyn.

Til er, skal ég segja ykkur: Náið betri árangri með því að gera minna!!! Svo verður þegar menn kyrra hugann og móðir náttúra vinnur fyrir þá!

Þessu ná nú ekki allir !

Auðvitað fæ ég meira kaup með meiri vinnu, segir einhver.

En hagfræðilögmálið um minnkandi afrakstur setur strik í reikninginn, heilbrigðisreglan að hugsa beri vel um sig til að verða aldrei veik, og eðlisfræðilögmálið um vikkun og flæði efnis við kyrrðarkul, að ofhitnun við ofnotkun eyðileggur.

Aðeins við að kyrra hugann fá hæfileikar okkar að blómstra og öðlast næringu sem skyldi.

Með því að vinna útfrá því sviði sem ekkert skapað er á, tívasjötum, hefur maðurinn ægikraft -- meiri orku en á sviði hins skapaða

og allar ákvarðanir verða sjálfkrafa réttar.
sem er mikill sparnaður, ekki satt?

Það er ekki mannlegt að skjátlást,

þeir sem gera skyssur eru ekki tærir menn. Ekki sem sagt menn. Menntun þarf að vera þannig að enginn geri neitt nema týrétt.

Mjög auðvelt er að hafa þannig menntun handa öllum.

Þeim peningum sem varið er í að koma upp og viðhalda hópi fljúgandi yóga, er vel varið -- því þeir skila þúsundföldum tekjum og sparnaði.

Bezt er þegar löggan (/og herinn þar sem það á við) stundar TM og TM-sidhi og -flug, -- „kyrrðarstundinni“ bætt inni vinnudaginn. Menn geta betur og betur tekið álagi. Taka réttar ákvarðanir sjálfkrafa.

Þegar kyrrð kemst á í þjóðfélaginu, er líka minna um slys, útköll, dauðsföll, óeirðir, átök. Það snarminnkar útgjöld og vesen.

Stórfint þegar fangelsin taka upp TM. Fangar hafa góðan tíma, og ekki veitir af að heilbrigði komist á í heila þeirra sem brotið hafa af sér.

Skólarnir eru nú að koma á vitundarþroskamenntun, því þetta er svo hagnýtt í daglegu lífi - jafnt einstaklins sem þjóðar.

© Global Country

- * scientific research
- * EEG on technicolor, life
- * verification of the expansion and enfoldment of students' consciousness
- * even heightening of IQ has been verified
- * harmony
- * problem-free schools
- * records of excellence
- * super kids, scoring the highest in every faculty
- * how the three-in-one, knower - process of knowing - the known, gradually become one

© Global Country

- * self-awareness >> creativity >> engagement

Það er verið að breyta heiminum;

breyta allri menntun í einu grundvallaratriði:

menntun byggð á vitund,

CBE, Consciousness-Based Education.

Nemendur læra að kafa í Ægi,

finna Gláðheima.

Að finna Ægi er mikil gleði.

Djúp hvíld er þetta, og endurhleðsla lífsorku.

Öll streita hverfur, ný sem gömul.

Minni og minni streita safnast upp hjá nemendanum,

og jafnvel hverfur eldri uppsöfnuð streita við iðkun TM-tækninnar,

nemandinn verður tærari, skilningsríkari,

og samband kennara og nemenda verður fullkomið.

Öll agavandamál eru úr sögunni, því allir eru að vinna af áhuga og ánægju.

Tengslunum milli yfirborðsins, sem við lifum á, og dýpis kyrrðarinnar er viðhaldið af tívum, devata.

Það eru höft og bönd.

Þessi goðmögn -- sem alls staðar vinna í heimi og í ginnunagagapi --
eru það sem við örvum og lífgum við að kafa í Ægi dag hvern.

Þau tengja manninn við uppruna sinn.
Jafnvægi og samhljómur kemst á alla starfsemi heilans, alls líkamans,
og umhverfið.

Tívar, devata, eru hvatar, koma sem hvatar vitsmunanna,
úr tívatúni,
þeir tefla og eru teitir,
bulla upp -- einsog hverirnir okkar á Íslandi,
Maharishi lýsir þeim á ensku sem „impulses of intelligence”.

Þeir viðhalda tenglum einstaklingsvitundar og alheimsvitundar.

Það sem nemendur í Maharishi-skólum læra,
gerir þeim mögulegt að hafa áhrif á hvernig þjóðinni er stjórnað af
stjórnendum sem kjörnir hafa verið!

Þeir skilja goðmögn þau sem finnast innan alls sem er.

Ekki með utanaðbókarlærdómi, ekki með því að lesa margar þungar
bækur,
heldur með rannsókn innan vitundar.

Nemandinn, námsferlið(námið) og námsefnið(hið numda)
verður eind, þrieind.

Að nálgast vitund er gleði,
að sameinast alheimsvitund er gleði.
Vilbjörg mun vaka.

Nemendur skilja samsvið allra lögmála náttúrunnar sem Mími, sem
smríti.

Samsviðið hefur yfirborðsgárur, öldur,
og djúpa kyrrð, Ægiskyrrð.

Tengingin á milli er Mímir (13.), smríti.

Tívar viðhalda tengingunni, eru höft og bönd.

Tívar eru hvatar og hveragos vitsmuna, sem viðhalda sambandinu.

Hið óendanlega svið tilverunnar, sem A,
hverfist í einn punkt, k.

Við það verða þessir hvatar til,
þarna verða tívar til.

Hér verður sköpun.
Ginnungagap gefur af sér hið skapaða efni á þennan hátt.
Hið skapaða er í raun ginnungagap,
en gapið sjálft breytist ekki.
Allt er úr því, allt er í því, en það er kyrrð eftir sem áður.

prakrítim svam avasthapyā vishrídjamí púnah púnah

प्रकृतिं स्वामवष्टभ्य विसृजामि पुनः पुनः

Ginnungagap er svinnur á hreyfingu.
Þagall og hugall svinnur.
Orkuhlaðin kyrrð á hreyfingu innan sjálfrar sín. Iðandi eind.
Gapið skapar úr sjálfu sér með því að hverfast innan sjálfs sín,
aftur og aftur,
en það breytist ekkert við sköpunina.
Allt ið skapaða er innan ginnungagaps.

Tívar allir, devata, dvelja í þessari orku, tūni, innan kyrrðar,
og valda öllum sköpuðum hlutum óendanlega mörgum í veröld.
Þeir stjórna alheimi snurðulaust.
Þeirra svið er þetta svið. Tívatūn, δυναμικ δýnamikk orka kraftur.

Hér gera nemendur rannsóknir, innan vitundar,
læra að sjá og skilja.

Mímir, smriti स्मृति tengir þögult djúp Ægis við yfirborðsöldurnar.
Þetta skilja nemendur sem njóta vitundarþroskamenntunar.
Skilja með að heyra um,
skilja af eigin rammleik með upplifun,
rannsókn innan eigin vitundar.

Nemarnir læra um þetta,
skilja,
nota skilningarvitin og heilann til að skilja,
og
upplifa svo kyrrðina, eru hún,
og
gera rannsóknir innan vitundar.

Mennt er máttlaus án síns eigin grunns.

Menn gera mistök, menntaðir sem ómenntaðir,
vegna þess að ekki er unnið út frá sviði allra möguleika.

Alheimur stjórnast af tívum,

og losna þarf við Gunnana þrjá, eiginleika skapaðrar náttúru,
til að lifa þetta svið eigin tilveru.

Það geta allir menn.

Menn hafa háþróað taugakerfi, háþróaðan heila,
var fleygt útúr paradís dýrastigsins,
-- eða flugu út þaðan, öllu heldur --
skilja mun rétts og rangs.

Skilningur og rökhugsun er dýrmætasti hæfileiki mannsins.
Skilur milli mannlegs lífs og dýrastigsins (paradísar, Gymisgarða).

Nemendur, sem njóta vitundarþroska,
hafa áhrif á þjóð sína alla til góðs.

Kyrrðin sem þeir lifa hefur áhrif allt um kring,
skýringin er
Maharishi-áhrifin frægu, sem eru vísindakenning fullsönnuð.



Skapa samræmi og samhljóm í samvitund þjóðanna

Rannsóknir innan vitundar,
er hvað?

Við finnum, í okkar eigin meðvitund, dýpstu svið sköpunarverksins,
og
uppruna þess,
þar sem allt er sjálfu sér nógt,
allt er týrétt, fullkomið, í þróunarátt,

er einnig mannsins vitund.

Er á sviði tívatúna, allra lögmála náttúrunnar sameinaðrar (samsviðið),

og vitund vísar aðeins í sjálfa sig, óháð öllu utanaðkomandi,
hún er alls staðar, svo utan hennar er ekkert.

Hugtakið utan ginnungagaps, utan vitundar, er einfaldlega ekki til.

Alheimur stjórnast úr kyrrð.
Kyrrðin sú er undirstaða alls.

Allt sem er í veröld kemur úr kyrrð, er upphaldið af kyrrð, er stjórnað, í snurðulausu ferli, úr kyrrðinni.

Innan óendanlegrar kyrrðarinnar óma lögmál náttúrunnar, sem stjórna skipulegri þróun.
Hafa kyrrláta ógnarkraftmikla fullkomna stjórn á öllu, svo sem hverri frumu líkamans, sólkerfum, þróun, mannlegri vitund.
Allt er fullkomið hér.

Heili 6 ára barns hefur nákvæmlega sömu uppbyggingu og alheimur. Hefur kyrrðina og kraftinn í senn, en það er eigin náttúra manns og alheims í senn.

Þetta svið -- og aðeins það -- er svið allra möguleika.

Vitundarþroskamenntun vekur og lifgar í hverjum einasta nemanda hæfileikann til að vinna út frá kyrrð.

Rétt einsog náttúrulögmálin vinna, þannig getur og maðurinn unnið. Náttúrulögmálin sameina allt, og eru hvatar að margbreytileikanum. Hvort tveggja í senn. Mannlegur heili hefur hæfileika til að vinna þannig að allt sem maðurinn gerir, hugsar, segir sé í fullkomnu samræmi við þróunina, alheimstilganginn, allt sem maðurinn gerir hugsar segir sé náttúrulega í framfaraátt, sjálfkrafa í samræmi, vandmálalaust athæfi, og áreynzlulaust að auki! Ekki ónýtt það!

-Hvað þá með klisjur svo sem: það er mannlegt að skjátlást, og það sem presturinn sagði við mig: við komum hingað til að þjást, það er Guðs vilji?

-Ósvinnra manna myrkar hugmyndir.
því

mannlegt er að gera aldrei nema rétt.

Við lifum til að finna að við erum hin eiginlega Sólar sæla,
og kroppurinn okkar getur endurspeglað það.

Sá sem þjáist er á villigötum
og auðvelt er að benda honum á villur sinna vega
og leið til að leiðrétta.
Sá sem telur þjáningu réttlætanlega og sjálfsagða,
er einnig illa menntaður,
bæði í sambandi við gamaldags próf sitt og ranga innprentun
miðaldanna myrku,
og enn frekar í sambandi við vitundarþroskamenntun.

Vitundarþroskamenntun er yfirburðamenntun
um leið sú eina sem maðurinn á að nota.
Yfirburðir eru réttur hvers einasta mannsbarns.

Allir nemar sem vitundarþroskamenntunar njóta, eru yfirburðamenn.

Ekkert minna en yfirburðir hæfir manninum.
Til þess að axla þetta flaug hann úr paradísinni, dýrastiginu.

Urður Verðandi Skuld geta verið harkalegar,
en alltaf sanngjarnar miðað við hvernig til var stofnað.

Í 39., um **fæði svefn hegðan**, má heyra um hvernig þjáningu er vikið
brott.

Og gera má yagðnjyur til að bægja frá slæmri Skuldu sem djótish-
útreikningur hefur séð á Verðandi sem í vændum er.

Ekkert lélegra en fullkomnun er ásættanlegt,
ef maðurinn á að rísa undir nafni.

Fullkomlega heill og sæll er hið eina eðlilega ástand manns.
Með fullkomlega tært taugakerfi
og al-samræmdan heila
er hið eina eðlilega í mannlífi.

Einföld tækni og vísindi, sem henta öllum mönnum, eru til.

Tækni er til að auðvelda, ekki satt?
Tækni er beitt til að ná betri árangri í fyrirframvituðu ferli.
Tækni er til að létta mönnum það sem þeir eru að gera, ekki satt?

Nemendur geta lært að upplifa eigin náttúrulega kyrrð og orku,
fullkomlega vökult skapandi svið,
og sjálfkrafa fara þeir þannig að vinna, hugsa, tala í lífi sínu

jafn fullkomlega og snurðulaust og stjórn alheims er.

Þeir vinna útfrá tívasjötum, Iðavöllum, þar sem ekkert rangt er til.

Í boði eru æðstu vísindi í menntun/kennslu

– cbe, vitundarþroski

– engin nemi má fara á mis við samsviðstæknina—

með samsviðstækninni, TM-tækninni, vísindalega sannreyndri er:

- * betri nýting heilans
- * streitulaust taugakefri
- * skýr og áreynslulaus hugsun
- * dýpri skilningur á öllu
- * fyllri sköpun, frumleiki og gleði.

Allir læra að vinna útfrá:

dýpri sviðum tilverunnar en sviði skilningarvitanna,

dýpri sviðum en sviði hugsana,

dýpri sviðum en sviði rökhyggju,

jafnvel innar,

dýpri sviðum, en svið innsæis!!

þ.e. útfrá raunverunni, grundvallarraunveruleikanum, samsviðinu.

http://www.poverty-removal.org/appendix16n/appendix_16_.html

(nemi nám þekkingin, þrieind í eind)

Þaðan stjórnast alheimurinn jú snurðulaust í sinni ævarandi, jákvæðu, stöðugu, kraftmiklu sköpun og framþróun

þaðan -- úr samsviði allra náttúrulögmála -- vinnum við með því að iðka TM-tæknina

-- þetta er markmið og tilgangur vitundarþroskamenntunar --

Maharishi hefur fært heiminum að gjöf þekkingu, ómetanlega þekkingu, nákvæman leiðarvísi, tækni og vísindi, sem gera okkur kleift að gera menntakerfið okkar fullkomið.

Ekki aðeins þekkingu,

heldur einnig hagnýta tækni og aðgengilega,

auðlærða einfalda fingerða og áhrifaríka,

hverju mannsbarni náttúrulega.

Smátt og smátt, við iðkun samsviðstækninnar, lífgast kyrrðin og krafturinn úr tívatúni

og nýttist áreynzlulaust í daglegu lífi nemans,
því þessir eiginleikar, hin krafmikla kyrrð og hin kyrra orka,
eru til staðar í hverjum einasta manni.

Maðurinn getur stjórnað útfrá sviði náttúrulögmálanna.

Menn nota aðeins hluta hæfileika sinna.

Maðurinn á blundandi óendanlega hæfileika sem ekki eru nýttir.

Úreltu menntakerfin valda því að hæfileikar frjósa í stað þess að
blómstra og eflast.

Hér er fáfræðikennsla í gangi.

Mesta reginskekkjan felst í því að nemar safna upp streitu.

Maharishi-skólar eru streitulausir skólar.

Menntun,

svokölluð sem ekki rís undir nafni,

eykur á fáfræði

í stað þess að uppljóma börn og unglinga,

en hér er átt við

skort á þekkingu um tilgang lífsins

innprentun um að

„vinna, gott starf, miklir peningar, gott kaup“ sé frelsi,

en slíkt er í raun helsi,

einkum ef menn telja þetta hið æskilegasta í lífinu,

því svo skemmtileg -- sem vinnan er --

er hún alls ekki tilgangur lífsins,

enda hleðst upp streita í taugakerfi unglinga, strax í skóla!

og samkeppni verður eitthvert aðalatrið í huga nemendanna.

Standa sig, standa sig, standa sig,

hlakka til að vera í þrælavinnu þegar skólaþrældómnum lýkur.

Þá, og aðeins þá, eigi maður pening.

Skilja ekki til hvers verið er að fæðast sem maður.

Hamingja, heilza, heild, er hið eina rétta ásigkomulag hvers og eins.

En nemendur, frá barnaskóla upp í PhD, hlaða inn streitu!!

Hér er svolítið voðalega mikið að.
Streita á engan rétt á sér,
og er mikill hamli á velgengni, velliðan og heilzu.

Enginn lærdómur fær staðizt nema í tengslum við uppruna sinn,
ginnungagap.

Það sem enn er í gangi sums staðar er grunnlaus lærdómur,
sem er mikil fyrirhöfn,
og námið veldur streitu.

Nám á alls ekki að valda streitu.

Vitundarþroskamenntun virkar þannig að streita hverfur.
Jafnvel uppsöfnuð streita, sem við vitum ekki af, hverfur.

Hinn eini rétti tilgangur -- tilgangurinn með því að lifa
hið eina rétta keppikefli -- eina sem er verðugt keppikefli í lífinu
er þetta er hvergi nefnt í námskrá -- og enginn veit hvað það er !!

Hamingja er ekki litlu hamingjurnar í tvíeðli verslu,

heldur Sólar sæla hamin í líkamann (17.).

Altært taugakerfi. (31.)
Uppljómun. (30., 40.)

Nái ekki öll börn fullkominni hamingju -- sem hinu eina eðlilega
snurðulausa,
og lifi ekki allir fullorðnir fullkomna innri sem ytri hamingju,

er greinilega mjög mikið að í menntakerfinu.

Mjög mjög mikið að í menntakerfinu okkar.

Bezt er byrja sem barn að læra að stjórna út frá tívatúni,
sem er hið einfaldasta mál hverju mannsbarni.

Sem barn hefur maður ekki tapað hæfileikanum til að lifa kyrrðina.


Streita og álag valda því að maður/eða barn er í viðbragðsstöðu

-- einsog dýr sem þarf alltaf að vera viðbúið að flýja eða berjast.

og hinn hluti vítahringsins:



Efni myndast í kroppnum og síast ekki út.



Enginn sér þau.

Þau mælast sem veikindi síðar meir,
eftir að hafa valdið ómældri óséðri þjáningu og leiðindum.

Þegar notuð er tæknin (TM) til að gera heilastarfsemina fullkomna
er kominn grunnur undir heilbriggt þjóðfélag.

Þegar þessi vísindi gleymdust uðru menn ótta og veikindum að bráð.

dvitíyat vai bhayam bhavati द्वितीयाद्वै भयं भवति

tvíeðli (og óvissan, sem er í veröld) veldur æ ótta.

Varanlegur fullkomleiki verður ef barn nýtur vitundarþroskamenntunar.

Dýrin þurfa að flýja og berjast,
en það er þeirra náttúra
og nauðsyn til að lifa af.

Dýr sem lifa við sífelld streituáreiti verða taugaveikluð.

Þau eiga ekki þann dýrmæta mannlega hæfileika að skilja,
að geta fært hugsanir í röksamhengi og æðri speki.

Mannsbarn þarf að virkja svið kyrrðar og óendanlegrar orku innan sín,
en slíkt er okkar náttúra: að lifa útfrá tívatúni
í fullkomnu samræmi við náttúrulögmálin og tilgang heimsins.

Þaðan á hver einasti maður að stjórna.

Maðurinn þarf aldrei aldrei að gera mistök.

Sannarlega getum við ekki leitað til gamaldags menntakerfis.
Við vitum að það bregzt nemendum.
Úrelta kerfið örvar ekki svið orkuhlaðinnar kyrrðar og sköpunar.

Svokallað menntað fólk gerir mistök æ oní æ í sínu lífi,
það vitum við.
Menntunin hefur ekki veitt þeim þekkingu til að gera ekki mistök.

Sú svokallaða menntun gerir menn ekki hæfa til að taka réttar
ákvarðanir.

Við sjáum afleiðingar rangra ákvarðana allt í kringum okkur.

Í ljósi þeirra óendanlegu ónýttu möguleika sem maðurinn hefur til að
þróast og gera rétt, segir dr.Susan Dillbeck,
má segja að svokallað menntað fólk „í efstu tröppum“ þjóðfélagsins
borið saman við svokallað ómenntað fólk „í lægstu tröppum“ þjóð-
félagsins, sé einsog í litlum stiga á jörðu niðri
--- miðað við vegalengdina til tunglsins!

Jafnt svokallaðir menntamenn
sem þeir sem engrar menntunar hafa notið í þessum svokölluðu
menntastofnunum
gera mistök í lífinu.

Það er einsog menntun skipti hér engu máli sem mismunur milli manna
og vitsmunalegri hegðan í lífinu,
nema etv orðalag sem sumir temja sér og kalla ögun, sjálfsaga.


Mikil streita í einstaklingum,
streita í þjóðfélaginu,
hamlar skýrri hugsun allra.

Mikil kyrrð innan einstaklinganna,
kyrrð í þjóðfélaginu,
er betri grundvöllur skýrrar hugsunar og réttra ákvarðana.

Fólk úr öllum „stéttum” (hér: menntun eða ekki menntun) hleður upp streitu,

streita í taugakerfi gerir mönnum ókleift að taka réttar ákvarðanir, líkaminn er „stíflaður“ hugsun er af yfirborðinu, grunn, grunnhyggni, en ekki úr djúpi hugsunar né úr uppruna hennar,

ekki djúp og týrétt hugsun.



Fólk, sem ekki stundar samsviðstæknina, kann ekki að stjórna úr tívatúni, samsviði allra lögmála náttúrunnar.

Jafnvel veldur löng og ströng háskólaganga miklu álagi,

möo. hleður upp streitu meðal ungmennanna sem þrila upp menntastigann til að fá gott djöbb og mikla peninga.

Þetta getur ekki borið nafnið menntun.

Það sem eyðileggur taugkerfið í stað þess að gera það tært, getur ekki kallazt menntun.

Tilgangur lífsins -- uppljómun -- er ekki hér að markmiði, heldur að framleiða peningapræla.

Menn vita einfaldlega ekki tilgang og markmið lífsins.

Aðeins það að læra að lifa svið allra möguleika áreynzlulaust getur borið nafnið menntun.

Nemendur læra ekki að skynja hugsun fyrr en hún er komin uppá yfirborðið.

Þar er hún ekki kraftmikil, ekki endilega rétt, bara kannski rétt, nú eða kannski röng -- einsog gerist og gengur í tvíeðli heimsins, yfirráðasvæði Gunnanna þriggja.

Sem dæmi um hvernig fólk er metið til peninga:

Útúrdrúkkinn snarvitlaus sjómaður í landi slasast á skemmtistað,

fær dæmdar háar bætur vegna þess að hann hefur unnið fyrir svo miklum peningum,
heiðarleg ung hjemmegánde húsmóðir og mamma slasast,
fær engar bætur því hún vinnur ekki fyrir peningum.
Sumir segðu að hér væri eitthvað að dómskerfi og lögum?

Þegar kauphækkunir eru knúðar fram, fá allir sömu %-hækkun á laun, þannig að sumir komast uppí ISK 200.000 á mánn., en aðrir fá ISK 200.000 í viðbót við ofurlaunin sín. Réttlátt? Þar eð engin óðaverðbólga myndast við að nokkrir auðjöfrar fá launahækkun, en fengi lágláunalyðurinn mikla hækkun ryki hann af stað í kaupæði sem svo með óðaverðbólgu vegna of mikillar eftirspurnar rýrði launin á ný.
Þetta er kallað hagfræði stjórnmalamannanna.

Mikið er að skólakerfinu,
því allt gengur útá að útunga vinnufiklum,
fé og frami er takmarkið,

en það er á kostnað heilzunnar,
því streita hleðst upp hjá nemendum.

Menn í svona þjóðfélögum, jafnt menntaðir sem ómenntaðir, berjast einsog tarfar fyrir frama sínum og fé,

skeyta engu um að tilgangur lífsins er ekki þetta,
heldur
fæðumst við til að þróast og þroskast,
uppljómast,
helzt á þessari okkar ævi.

Meðan menn eru á tarfa-stiginu,
meðan menntakerfið stílar uppá tarfa-stigið,
goggunarröð og framapot í hávegum höfð,
hefur maðurinn greinilega ekki að markmiði að vígja sig tæran.

Hann veit ekki til hvers hann er að fæðast.
Enginn segir honum það.
Hann þarf aðeins að kaupa sér flott föt, flottan bíl, flott hús,
og þá er hann flottur.

Hann skilur ekki hvert er eina ráðið til að fá pottþéttan og fyrirhafnarlausan meðbyr í veröld.

Enginn segir, enginn kennir, enginn veit.

Svo við ráðum bót á,
lyftum menntun á æðra plan.

Visindin eru þekkt,
tæknin er fyrir hendi,
þekkingin er hér
fól hand öllum mönnum.



Hjá þeim sem læra að vinna útfrá tívatúni,
vinna útfrá stjórnaðskrá alheims, (38.)
verður allt auðvelt -- vegna tærleika þeirra og Gunnaleysis.



Náttúran vinnur fyrir inn tæra mann.



Á grundvallarsviði tilverunnar er óendanlegur kraftur.

Menn vinna útfrá kyrrð,
hinni orkuhlöðnu kyrrð, sem er ótalfalt meiri en kraftar í veröld.

Nú kann einhver að spyrja:
kann maðurinn með slíkan ægikraft að fara?
Svarið er já.
Skýringin er:
Samsvið allra náttúrulögmál stefnir öllu og ætíð og eingöngu í
þróunarátt.

Ekkert rangt, engin snurða, fyrirfinnst hér.
Eyðilegging er ekki til hér.

Við þurfum að svara þessari spurningu afdráttarlaust
þannig að allir skilji:

Þeir menn sem vinna útfrá kyrrðinni,
þeir sem læra TM-sidhi- og yogaflegsútrur,
kunna að beita krafti þeim sem í vitund manns býr,

þeir lífga orkuna sem í samsviðinu blundar,
-- en hún er eingöngu í framfara átt --

þeir skapa samræmi í heimsvitund,
hafa bein áhrif á allt líf og alla hegðan manna.

Ekki er möguleiki á að fremja nein rangindi vinnandi útfrá hinu
fullkomna sviði tilverunnar.

Ekkert sem stríðir gegn náttúrulögmálunum fyrirfinnst hér.

Í úreltum menntunaraðferðum er ekki kennt
að streita myndast við að menn ofbjóða lögmálum náttúrunnar,
og stríða gegn þeim.

Í úreltum menntunaraðferðum er ekki kennt
að streita myndast við að menn ofbjóða sjálfum sér,
líkama sínum, heilzu sinni, umhverfi sínu.

Ekkert græðist nema framapotið,
allt tapast ef heilzan fer og gruggurinn hleðst í taugakerfið.

Þeim mun tærari sem við verðum,
þeim mun auðveldar verður að uppfylla óskir okkar.

Og þær verða sjálfkrafa réttar.
Guðin vinna með okkur.
Við lifum í Þundarflæði.

Minni fyrirhöfn meiri árangur.
Endurtekið: Minni fyrirhöfn meiri árangur.

Það er rétt einsog öll náttúran (36.) vinnur:
auðveldasta leiðin sjálfkrafa valin.
og hámarksárangur næst án fyrirhafnar

Steita myndast semsagt vegna þess að menntakerfið bregzt.

Úrelta menntakerfið hefur enga menntun á boðstólum
sem kennir nemendum að hlaða ekki upp streitu,

en streitan leiðir til rangrar ákvarðanatöku,
og til vanheilzu.

Viðtöl um stress eru hugsanir og orð á yfirborðssviði tilverunnar.
Alls ekki nógu djúpt hugsuð.

Að tala um stress og reyna að finna lausn með því að tala um það,
er einsog ráðstefna í myrkri stofu,

en svo kemur ræstingakonan inn með sína skjólu og kveikir ljósið til að sjá til við að þrifa.

Jafningjafræðsla var beint hættuleg,
því leyndarmál urðu að kjaftasögum og gerðu illt þeim sem illa voru settir,
sagt að þetta væri lausn, reyndist svo helvíti.

Í nú úreltu menntakerfi er aðeins kennt um efni og orku,
sambönd og ferli,
ekki uppruna þessa til neins gagns.
Aðeins yfirborðskunnátta.
Að segja frá samsviðinu er ekki að vita að við erum vitund.
Þaðan af síður að við getum gert rannsóknir innan vitundar,
að þar býr þekkingin.

Að kenna ekki tæknina til að gera rannsóknir innan eigin vitundar,
er yfirborðskennsla.
Ekki þekking.
Ekki sönn þekking.

Menn læra um efni og orku á þann yfirborðskennnda hátt,
að hætta er á misnotkun menntunar.

Við sjáum misnotkun menntunar allt í kringum okkur.

Við sjáum eyðileggingu af völdum menntunar!!

Maður getur tekið lærdóminn í notkun,
en það er undir hælinn lagt hvort árangurinn verður jákvæður fyrir lífið
eða neikvæður.

Grunninn vantar undir menntunina.

Týréttar ákvarðanir koma ekki við þann yfirborðslærdóm.

Grunnurinn er samsvið allra náttúrulögmála,

og tæknin til að vinna útfrá því er mönnum lífsnauðsyn.

(samsviðskortið og mannshugurinn, mynd á næstu síðu) :




Figure 4

©GlobalCountry

Hugur manns hefur aðgang að allri þekkingu milliliðalaust

Neminn, sem ekki lærir samsviðstækni,
er að læra og læra og læra
og troða í sig upplýsingum,
reyna að skilja samhengi og ferli, orsök og afleiðingar,

nemandinn (Óðinn) er að reyna að læra,
námsefnið (Véa) -- sem er það sem verið er að reyna að læra,
og námið sjálft (Vili), námsferlið -- sem er það að læra, er þarna á milli.

Þetta á að vera til þess að menn tileinki sér efnið,
en þegar Óðinn Vili Véi eru svona aðskildir,
safnar neminn upp streitu --- frá barnaskóla uppí háskóla,

kennarinn kennir og kennir, reynir að troða í menn upplýsingum,
sumum leiðist í skólanum
eða verða þreyttir á að vera í skólanum,
og alls konar vandamál með hegðun og árangur skjóta upp kollinum í
skólunum.


-Hvað er nú til ráða?
-Hvernig getum við gert námið einfalt og skemmtilegt?
(--ekki nema von að við spyrjum--)

Þríendin: nemandi - nám - námsefni
eða: sá sem veit(þekkjandinn) - þekkingarleit - þekking
eða: Óðinn - Vili - Véi
er ekki þrennt heldur þríend, eitt, eind, eitt og hið sama.

Nálgast æ meira við vitundarþroskamenntun:

sjá http://www.cbeprogram.org/programs/popup/unified_field.html

um samsvið allra náttúrulögmála sem ekki er í tíma og rúmi



nálgast æ meir að vera eind (í para)

vaikarií hugsun nærri orðuð, virkni í heila

madyamaa hugmynd að hugsun, virkni í heila

pashyantíí titrandi vitund, á skammtasviði, fingert

paraa sem er aatma vitund alheimsvitund, ekki heilastarfsemi

Líkaminn kyrrist í samræmi við hugarkyrrðina,

og það er mjög gott fyrir líkamann.

Dr John Hagelin, Bandaríkjunum, skammtaeðlisfræðingur, útskýrir

http://streaming.mou.org/MOU/Dr_Hagelin/Tucsontalk.wmv

ég vona að þetta sé þarna ennþá!! yndislega vel útskýrt !!
kemur ekki upp sem síða, heldur opnar Windows Media Player fyrirlestur.

Menn þurfa að læra að lifa 4. vitundarstigið.
Einfalt er að ná því,
og með iðkun nýtum við kyrrðina í vöku og svefni.

Þar eð samsvarandi líkamsástand fylgir hverju vitundarstigi
-- vöku, draumsvefni, djúpsvefni, 4.vitundarstigi,
svo 5., 6. og 7. -- (30.skræða)
er einfalt að mæla þetta með heilalínuriti (EEG).

Við þekkjum vitundarstigin vöku, draumsvefn, djúpsvefn,
mælanlegt líkamsástand hvers um sig,
og jafn auðveldlega er hægt að ná hinu fjórða (transcendence, hnýsast)
og mæla samsvarandi líkamsástand:
starfsemi í lágmarki,
öndun aðeins flæði.

Auðveldlega er hægt að ná þessu hinu fjórða, hnýsast niður,
með TM,
einfaldri, áreynslulausri, náttúrulegri, huglægri tækni sem er auðlærð.

Vitundarstigin þrjú in lægstu sem við öll þekkjum,
eru á sviði í hinnar sköpuðu hverfulu veraldar,
í Gunnadansinum,
og þar með vantar botninn í tilveruna!

Svefn er nauðsyn, góður heilbriðgður svefn (39.)
vaka er dýrmæt manningum,
en
menn hlaða upp streitu í taugakerfið, óafvitandi,
ef þeir kunna ekki tækni til að vinna á henni.

Auðvitað er nauðsyn að hvílast,
allt í náttúrunni hvílist og vinnur til skiptis,
hjartað okkar hvílist og vinnur til skiptis.

Djúpsvefn og draumsvefn og afslöppun er ekki næg hvíld.

Nauðsyn er að þiggja ráð til að bæta úr þessu botnleysi tilveru okkar:

hafa samband við náttúrulögmálin

Nauðsyn er hverju mannsbarni að skilja til hvers við erum að fæðast.

Hver sem er
--- sem hefur mannlegt taugakerfi og mannlegan heila ---
getur lært TM.

Alfa-bylgjur, innri starfsemi heilans, aukast og samræmast.
Allar heilastöðvar samræmast,
og má tala um „sérhæfingu alls heilans”, samhæfingu allra heilastöðva,
ekki brotkennda sérsviðanotkun,

og samvirkni milli svæða eykst uppí 100%!!


Milljónir manna iðka TM daglega, tvisvar á dag alla daga,
sér til heilzubótar,
og til að nýta allan heilann í samræmdri heild,
100% nýting,
samræmd nýting allra heilastöðva.

Hér er einfaldast að vísa til EEG (heilalínurita)
sem hver og einn getur fengið af sjálfum sér iðkandi TM

og vísa má til upb 700 rannsókna margra vísindastofnana víða um heim.

Heimssamtök vísindamanna, Global Union of Scientists, vinna einnig að
verkefunum á vegum Heimsríkisins, Global Country.
www.gusp.org

Misnýting heilans og svæðanýting veldur streitu og álagi



heildarnýting heilans er hið eina rétta,
reynist okkur auðvelt og eðlilegt.

Við höfum val
að þróast til fullkomunar
eða
svamla í ósvinnunni:



Samræmdar bylgjur, heila-Gungnir, og heildarnotkun
gera gæfumun á þróunarferli einstaklings.

Ótal rannsóknaniðurstöður liggja fyrir um
aukna sköpunarhæfileika
og betri og auðveldari námsárangur,
einnig um
hækkandi greindarvísitölu!

Í stað þess að rýrna með aldrinum, eykst samvirkni og viðbraðsflýtir
heilans við iðkun samsviðstækninnar.

Öll þekking, sem hér í þessum 40 litlu bókum er gefin í hnotskurn,
kemur frá heims mesta kennara og eðlisfræðingi maharishi mahesh yogi.

rishi devata cchandasa, má einnig skýrgreina svona:

rishi, Óðinn: vitund/sá sem veit, nemandinn,

devata, Vili: viljinn til að leita þekkingar, að afla þekkingar, námsferli,

cchandasa, Véi: þekkingin, hið þekkta, svinnur,

og þá sem:

nemandinn - námsferlið - hið numda (sem á að vera þríeind)

-- og svo tær vitund sem er þessi eind sem alla þekkingu inniheldur.

vaikarii skilningur á sviði skilningarvita

madyamaa skilningur á samhengi

pasyantii rökhyggja og afstæði

paraa næmt og tært innsæi

sem svo leiðir í eindina þar sem þekkingin býr.

Hér er menntun sem þroskar okkur og þróar

með því að tengja nemandann námsefninu gegnum námið

samsviðstækni Maharishis (maha mikill, rishi vitringur) TM®
er tækni og vísindi í senn. Tæknin og vísindin eru eitt, ekki tvennt.

nemi	nám	hið numda
sá sem nemur	að öðlsast þekkingu	þekking, það sem vitað er

skilningarvit
hugur
vistmunir
tilfinning

það að skoða og finna í veröld
hugsun
rannsóknir og getgátur
innsæi

skynjun hluta og fyrirbæra í hinni sköpuðu veröld
skilningur á samhengi og samböndum
skynsemi og rökhygga um afstætt og hugsanlegt
þekking á lögmálum náttúrunnar með næmu innsæi

þetta er lagskipt í hinni sköpuðu veröld,
fyrirbæri, efni og orka, veraldlegt flæði, hverfult í tíma og rúmi,
en er í raun eind

allt er eindin

fingerðara og fingerðara innávið
vaikarii
madyamaa
pasyantii
paraa

innan alls er raunveran, grundvallarraunveruleikinn, samsvið allra
náttúrulögmála,
hinn eiginlegi manns svinnur,
vitund,
alheimsvitund,

uppruni veraldar og alls skapaðs
tær vitund sem skilningarvit fá ekki numið
engin mannleg hugsun
einstaklings vitund hefur gleikkað út í Glaðheima vitundar,

kyrrðina miklu sem allt er út komið
kyrrðin er vitund á hreyfingu,
möguleikar alls
eilífð

hér sameinast þrieyndin
nemi/sá sem veit -- námsferlið (það að nema) -- námsefni (þekkingin)

Neminn skorpnar upp ef hann fær ekki næringu úr eindinni miklu,
og hann fjarlægist námsefnið ef hann nær ekki frá vaikaraa til
madhyamaa, svo áreynzlulaust að pasyantii og í paraa.

M.ö.o. ósvinna og streita eykst
í stað þess að neminn öðlist heildarþekkingu og tærleika.

Úrelta menntakerfið er skakkt og skaðlegt. Vitlaust. Vanhugsað.
Úrelt nú á vísindaöld
„svokallaðri“ vísindaöld ---
sem kafnar undir nafni þar til æðstu vísindi hafa verið nýtt,

ekki vísindaöld fyrr en æðstu vísindi hafa verið nýtt í námi öllu,
-- eru kennd öllum.

Heildarþekkingin er okkur svo ósköp eiginleg -- við erum hún!!!

Betra er því að hvert einasta barn finni þekkinguna áreynzlulaust innan
sín sjálfs,
og tilgangurinn og markmiðið sé hamingjusamir einstaklingar,
uppljómaðir menn.

Þetta er tilboð maharishis,
gjöf hans til heimsins.

Okkur mun þörf ef við þiggjum.

Þeir sem eru of vitlausir til að þiggja ekki í dag,
munu fyrr eða síðar skilja yfirburði þessarar menntunaraðferðar
-- og þá verður mikil hamingja.

Menntunaraðferð samkvæmt ævaforinri vedahefð skilar fullkominni
þekkingu í stað brotakenndar (eins og verið hefur hér uppá síðkastið).

Sumt er úr tengslum.
Sérsvið, meira og meira um smáatriði innan sérsviðs,
sem virðist ekki koma heildinni við !!,
úr tengslum við upprunann,

er brotakennd,

vitundarþroska mannsins vantar.

Það er auðvelt að rannsaka allt innan vitundar.
Miklu auðveldara en að reyna að lesa allar bækur um eitthvert atriði.
Góðar bækur eru góðar,
en rannsókn innan vitundar verður að vera með,
til þess að bera nafnið „heildstæð vísindi“.

Nú vitum við hvað vantar í menntunina sem nú er að verða afdönkuð.

Allir vita að stóra tréð varð til úr litla fræinu,
og að inni í fræinu er sossum ekkert að sjá,
ekki einu sinni með smásjám og græjum.

Rannsóknir á sviði efnisagna ná aldrei alla leið.

Aðeins innan vitundar er svör að finna við því sem á vantar.
Nú fáum við að sjá allt sem er í fræinu.

Hver og einn nýtur nú gjafarinnar frá maharishi,

vitundarþroskamenntunar.

Hugurinn verður opinn og víður einsog eilífðin sjálf,
og allar óskir okkar og langanir uppfyllast auðveldlega.

Við vinnum og lifum útfrá sviði allra náttúrulögmála sameinaðra.

Þetta er ekki orðagjálfur.

Menntun skv. veda-aðferðinni hefur verið sannreynd.
Skapandi greind nemendanna þróast til fullnustu.

Nemar öðlast þekkingu á uppruna alls,
og á eðli eigin vitundar.

Fullkomin menntun er þetta.
Hún eykst og vikkar dag frá degi,
og gefur ómetanlega innri gleði.

Hver og einn nýtur þessarar gjafar,
hugurinn verður opinn og víður einsog eilífðin sjálf,
og allar óskir okkar og langanir uppfyllast sjálfkrafa í kjölfarið.

Við vinnum þá og lifum útfrá sviði allra náttúrulögmála sameinaðra.

Meiri árangur, minni fyrirhöfn

Óðinn -- Vili -- Vei sem þrír aðskildir þættir náms,
þ.e.: -- nemandi -- nám -- námsefni --
er óheppilegt ástand, þar eð Óðinn Vili Vei eru, og verða að vera, þríeind
(*Hilbert Space, Operators, States, rishi devataa cchandaa*).
Við erum þekkingin!!!

Með því að stunda TM komast þeir bræður í eindina sína, þríeindina sína,
(*samsvið allra náttúrulögmála, samhita*)

Eindin,
uppruni veraldar og alls skapaðs,
tær vitund (sem skilningarvitin fá eigi numið),
samsvið náttúrulögmálanna, veda, svinnur, ginnungagap, kyrrð,
vitund á hreyfingu, heild, möguleikar alls, eilífðin óhagganleg.

Hér sameinast þríeindin --sá sem veit--námferlið--þekkingin-- í eind
nemandinn--námið--hið numda í eind,
þekkingin--leit þekkingar--þekkingin í eind.

Mannshuganum leyfum við að fljóta í ginnungagap, uppruna sinn,
til að finna Þundarflæði náttúrulögmálanna.
Minna okkur á hið rétta.
Ráðfæra sig við hljómsveitarstjórnann til þess að detta ekki út í eitthvert
krabbamein og hjáróma tóna.

**Þeim mun tærari sem við verðum,
þeim mun auðveldar verður að uppfylla óskir okkar.**

**Þetta er eini sanni tilgangur menntunar.
Menn verða að skilja tilgang lífsins.**

Og langanir verða sjálfkrafa réttar.
Guðin vinna með okkur.
Minni fyrirhöfn meiri árangur, segir móðir náttúra.

Við eigum val,
og valið fer eftir vitundarstigi hvers og eins.
Ekki nóg að hafa val, því vitundarstig manns stjórnar valinu.

Dettur engum í hug að spyrja: hvað er ég að gera hér?
Til hvers er ég að fæðast?

Við eigum val, og valið fer eftir vitundarstigi hvers og eins.

Menn vita þetta etv ekki?

Við erum það svið tilverunnar sem er órjúfanlegt og ómubreytanlegt,
ekkert fær sett mark á það,
ekkert hefur áhrif á það.
Hér er allt fullkomið,
héðan skapast aðeins hið fullkomna.

Þarna er komin nýtt ævi, vel nýtt,
nýtt til að þróast á í flæði með Þundu
-- til fullkomnunar, sem er jú tilgangurinn með allri þróun og öllu lífi.
Þróun er tilgangur og leikur alheimsins.

Þetta er á færi allra nemenda.

TM allra nemenda (frá leikskóla til PhD)
og kennaranna og foreldranna með.

Um er að ræða tvennt:

* skóla sem byggja alfarið á TM-tækninni, en þeir eru nú víða um heim
(frá leikskólum til PhD), Maharishi-skólarnir

og

* skóla sem taka TM inn í sína reglubundnu kennslu:
það tekur 10-20 mínútur í upphafi hvers skóladags
(nemendur og kennarar iðka TM)
og 10-20 mínútur í lok skóladags.


5 ára frá göngu-mantra
svo læra börnin TM, sitja þá með lokuð augu

10 ára læra börnin TM-sidhi®, sútrur सूत्र sem æfa hugann í að hugsa
útfrá tærri vitund
Hugurinn kemst í kyrrð og eind við TM-iðkunina,
og útfrá þeirri kyrrð er hugurinn þjálfður í að „læra djúpar hugsanir“.




Maharishi likens the mind to a pond or ocean. An impulse of thought arises from the field of pure consciousness deep within, much like a bubble rising from the bottom of the sea. As it rises, it becomes larger. Reaching the conscious level of the mind, it becomes large enough to be appreciated as a thought. The Transcendental Meditation technique enables the mind to move effortlessly in the opposite direction, through finer states of thought, until it reaches the source of thought, pure consciousness.

© Complete Book of Yogic Flying



© Complete Book of Yogic Flying

The Complete Book of Yogic Flying
 Maharishi Mahesh Yogi's Program for Enlightenment and Invincibility
 ISBN 978-0-923569-27-3 höfundur: Craig Pearson, PhD (670 bls í A4-broti)



15-16 ára unglingar læra yóga-flug,
 sem samræmir fullkomlega allar heilabylgjur.

Börn geta fengið að sjá heilalínurit af eigin heila við iðkun TM, iðkun
 sidhis og yógaflugs.

<http://www.brainresearch.mum.edu/>

Nemandinn, námið og námsefnið
 (sem sumir skoða því miður sem þrjá aðskilda þætti ferlis)
 verða þríeind við iðkun TM,
 þannig að þekkingin er numin upp á áreynzlulausan hátt.
 Ofur einfalt.


Nemandinn er vitund,
 þekkingin er í vitund.

Til viðbótar við TM-iðkun er semsagt TM-sidhi® („fullkomið“) Þá bætast 10-20 mínútur við TM-iðkunina.


siddhi सिद्धि er sanskrít orðið yfir fullkomnun,
-- íslensk orð (29.) eru af því komin --
en TM-sidhi®™ er skrásett merki, svona ritað.

Í sidhi® er hugur í kyrrð eftir TM-iðkun
- og hugsar útfrá kyrrð,
tífar á yfirboðinu milli vitundar og vitsmuna,
lærir og þjálfast í að vinna útfrá tærri vitund.

Í Hávamálum v.138 segir nýsist niður fellur aftur þaðan = TM,
en við TM-sidhi-iðkun er æft að hugsa útfrá kyrrðinni.



maður hnýsist niður, þá losnar um streitu í taugakerfinu,
maður fellur aftur þaðan við streitulosið,
mantrað heldur huganum fljótandi, hangandi,
og læra þarf TM-tæknina rétt -- því aðeins þannig virkar hún.



© Complete Book of Yogic Flying



Ránardætur úr Ægi

Þar sem hér er um nýja sýn á nám að ræða,
er hið sama sagt aftur og aftur á mismunandi máta,
svo allir megi skilja.

Hér er bezt að endurtaka og rifja upp helztu áherzluatriði,

svo víst sé að allir skilji,
en hér er ekki um neitt þverfaglegt fag að ræða heldur grunn alls,
grundvöll allra faga sem kennd eru.

Einsog þið munið:

Á 4. vitundarstigi erum við í raun ekki einstaklingur í tíma og rúmi heldur
höfum sóazt, gerzt Haftsænir og Gapþrosnir, orðin Víðarr í víðáttu gleiðra
Glaðheima vitundar, þar sem tíminn er ekki til, þ.e. nætur allar níu sem er
enginn eiginlegur tími.

Við nemum upp fimbulrúnir og stóra stinna stafi og öðlumst níu (óteljandi)
galdra góða og karmasú káúsalam (gjörðataækni).

Svo, sem Iðunn, við iðkun TM-tækninnar komumst við í Valhöll
(5.vitundarstigið), verðum Bragi Iðunnar, (30., vitundarstigin7)
erum þar sem Huginn og Muninn,
og áfram í 6. og 7. sem eru háþróaðir einherjar og menn sem lifa eindina miklu,
eru ginnungagap þótt þeir gangi um í sínum bók á jörðu, altærir menn,
grugglausir, síaðir af Synju, streitulausir menn.

Ferlið að hafa náttúrulögmálin með sér er nauðsyn.

Allt og hvað sem er er hægt að skapa.
Óðinn Vili Vei á sviði náttúrulögmálanna!
Og allt í henni verslu er hægt að senda til baka í upprunann.
Þetta er hið eilífa ferli frá hinu óendanlega í sköpun,
og hið skapaða aftur í óendanleikann.
Hið skapaða er hverfult,
óendanleikinn óumbreytanlegur.

Maharishi hefur fært heiminum fullkomin vísindi vitundar.
Hann kennir tækni til að gera rannsóknir innan vitundar.

Nú má ekki tregða vísindamanna standa í veginum.

Við getum auðvitað beðið eftir að þessi kynslóð hrökkvi uppaf
og ný víðsýn taki við,
en
hægara er að hækka vitundarstig þjóðanna
og
þá fara jafnvel þröngsýnir karlar í filabeinsturnum að skilja og sjá!!

Menntun er til að maðurinn geti betur fótað sig í veröld,
og tækni er til að beita til þess að ná settu marki,
-- einkum þegar vísindalega hefur verið sannað að hún virkar.

Hér er komið það sem gerir menntun kleift að rísa undir nafni.

Ef við viljum vita hvers virði mannlegt líf er,
þá lítum við til vísinda um hvernig alheimur virkar,
því við erum vasaútgáfa af honum í einu og öllu.

* Neminn fær beina reynslu af ginnungagapi
* hver og einn lærir um samsvið allra náttúrulögmála og skilur
* hvert einasta fag tengist beint orkuhlaðinni kyrrðinni, því allt er úr
henni komið

og

* nemandinn skilur að hún, uppruni alls, er eigin vitund mannanna.

* Í skólunum er streitulaust andrúmsloft,
heilbrigð regla á öllu,
réttur sattva-matur
og skipan öll snurðulaus og umgengni öll,
skólabyggingin þannig (sthatpatya-ved byggingarlist), að sólkerfið okkar
og orka þess nýtur sín í einu og öllu,
í starfi og hegðun þeirra sem í skólabyggingunni starfa.
Húsaveikilaus híbýli
sem víkka út vitund þeirra sem hér starfa.

Hvert einasta 6 ára gamalt barn hefur hæfileika -- heilann sinn --
til að skilja allt í alheimi,
og skilja að þannig virkar einnig þeirra eigin tilvera.

Skipulagshæfileikar alheims búa í okkur öllum.

Hver og einn getur látið langanir og óskir verða að veruleika,
hamingja og líf án vandmála er óumdeilanleg eign hvers manns,
og einfalt er að taka aðeins réttar ákvarðanir,
hlaða aldrei upp stressi sem stíflar okkur og veldur veikindum.

Allir þurfa að vita --

ég endur tek hér:

Þeim mun tærari sem við verðum,
þeim mun auðveldar verður að uppfylla óskir okkar.
Og þær verða sjálfkrafa réttar.
Guðin vinna með okkur.
Minni fyrirhöfn meiri árangur,
einsog náttúran hefur það.

Líf hins fullkomna einstaklings lyftir upp öllu þjóðfélaginu.
Þeim mun fleiri altærir sem lífa,
þeim mun fegurra mannlíf.

Menntakerfið verður að laða fram beztu hæfileika hvers nema,
og má aldrei verða til þess að riðla hinu fullkomna sem er hið eina rétta.

Heili 6 ára barns er einsog alheimurinn,
hefur kyrrðina
og orkuna
af náttúru sinni.

Barnið er svið allra möguleika.

Þetta svið -- sem er í raun eind og allt sem úr henni er --
má skólakerfið ekki eyðileggja.

Því miður hefur svo farið.

Líf hvers og eins á að vera í Þundarflæði,
fullkomin regla,
engin vandamál.

Vitundarþroskamenntun býður uppá þetta!

Neminn fær tækifæri til að fá reynzlu af eigin eðli sínu:
kyrrð og orku, vökulu flæði,
fengið úr uppruna alls,
lifað á ofur eðlilegan hátt í lífinu.

Námsárangur og líðan barna sem njóta vitundarþroskamenntunar sýnir
að þetta er einfalt og eðlilegt.

Endurtekið:

* tækni til að fá reynzlu af orkuhlaðinni kyrrð, eindinni,
lífga og lifa hana, nýta hana, ausa henni inní lífið,
gera allt þjóðfélagið betra,

* nema og skilja hvernig svið allra náttúrulögmála vinnur,
tilgang tilverunnar, hvernig auðveldast er að ná takmarki sínu,

* aðferðir kennarans beina athygli nemendanna að sameiginlegum
uppruna allra faga, hvað svo sem nemandinn velur sér sem sitt
áhugafag,

* allt umhverfi barnanna í skólanum og heima sé í heilbrigðri reglu, í
flæði með sólkerfinu okkar, streitulaust, og veiti fullkomna kyrrð og kraft
í öllum athöfnum dagsins.

Hvert og eitt þessara atriða lifga og vekja sama fullkomna mynstrið sem náttúrulögmálin fylgja,

líkaminn er altær, taugakerfið tært, hvergi snurða,
rétt einsog allt virkar frá náttúrunnar hendi,

enginn hefur eyðilagt,
ekkert hefur riðlast í þessu fullkomna flæði.

Mælingar sýna:

meira samræmi heilabylgna,
sköpunargleði og -hæfileika sem blómstra,
börn eiga auðveldara með að nema, læra, skilja, tileinka sér,
hækkandi greindarvisitölu (IQ, sem ekki var nú talið mögulegt!!),
andlega vellíðan og eðlilega stillingu gagnvart upptökum,
fullkomið jafnvægi er innan skólubarnsins
og í umhverfinu
- á menntaskóla- og háskólastigi verða þessi börn afburðanemendur.

Allir menn geta verið afburðamenn. Ekkert er eðlilegra.

TM er hið bezta við
ofvirkni,
athyglibresti,
þunglyndi,
æsingi.

Og það á bæði við börn og fullorðna.
nemendur, kennara, foreldra, uppástandur, allt þjóðfélagið.

Veröld er lagskipt

Börn í Maharishi-skólum hafa gaman af að finna út
að innan hvers sem er
eru enn dýpri lög, sem hægt er að finna og rannsaka.

Börn þrá þekkinguna,
því þetta er svo skemmtilegt.

Þau finna að þau eru þessi þekking !

Enda erum við að leita að okkur sjálfum,
innan okkar sjálfra,
og finna tilgang í öllu sem við gerum.

Alls konar kort og uppdrættir sem börnin vinna sjálf eða læra,
tengja hvert atrið við uppruna alls sem er.

Þessi kortagerð virkar!!!

Nemendur blómstra við að finna meiri og meiri sannleika innan alls.
Neminn er ekki utanvið allt,
heldur finnur hann að hann er allt.

Nemar eflast og taka framförum við að vita að allt er mögulegt,
allt er hægt,
og að þeir vaxa upp í sínum eigin alheims-möguleikum.

Stig af stigi, allt frá barnaskóli í hæstu háskólagráður,
verður allt tærara og einfaldara,
því allir finna sína eigin náttúru, kyrrð, orku, hæfileika,
langanir sem verða að veruleika.

Þessi börn eru kölluð ofurbörn, „super-kids“,
og ná bezta árangri í öllum fögum,
og í íþróttum og listum,

og fullkonnun í andlegu og líkamlegu heilbrigði.

Hvert einasta barn sem fæðist í heiminn
verður að hafa aðgang að æðstu menntun og vitundarþroska.

Hvert barn er í raun sæla gyðjunnar Sólar, og ekkert má eyðileggja hana.

Tilgangur alls náms er uppljómaðir einstaklingar,

altærir, streitulausir menn,
sem taka aðeins réttar ákvarðanir,
því hver hugsun manns er nú úr hinu fullkomna.

Kyrrðin vinnur í síbreytileikanum,
og aðeins þessi menntun getur leitt til gjörða sem geta borið nafnið réttar
gjörðir,

aðeins þannig maður getur borið nafnið maður.

Kennarar í Maharishi-skólum segja að andrúmsloftið sé ólýsanlega
skemmtilegt og vandræðalaust.
Fyrir utan það sem nemendurnir græða á TM,
því kennararnir eru hæstánægðir með hve snurðulaust allt gengur fyrir
sig.

Jafnvel mælast færri fjarvistir, færri veikindadagar,
enda er maturinn hollur,

umhverfið streitulaust,
unglingarnir í andlegu jafnvægi og áhugasamir við námið,
eru sjálfstæðir,
eiga auðvelt með að einbeita sér að verkefnum,
ýmist einir eða í hópi,
ekki til neitt ofbeldi eða einelti.

TM er semsagt bezta ráð gegn ofvirkni og athyglíbrestri,
því slíkt er streitutengt,
og TM eyðir streitunni,
kyrrir hugann og skerpir einbeitinguna.

Þegar nemendur eru ánægðir og áhugasamir, njóta hæfileikar kennarans
sín betur.
Engin orka fer til spillis.
Menn eru óþreyttir í lok dags. Endurnærðir.

Milli 600 og 700 rannsóknaniðurstöður liggja fyrir.
M.a. um áhyggjuleysi þeirra sem áhyggjur og þunglyndi höfðu,

og sjálfkrafa að hætta að reykja.
Gleði Glaðheima er nefnilega svo miklu meiri en svoleiðis ávani veitir.

Eðlilegt er að aukin gæði kennslu og náms virki hvetjandi á kennara og
nemendur,
árangur og hvatning leiða til áhuga,
vellíðan og sjálfstraust leiða til sköpunargleði og þægilegrar
sjálfsímyndar.
Allir verða hjálplegri og umburðarlyndari þegar hvergi er steita,
aðeins velvild.

Maharishi-skólar kenna öll fög,
en öll fög eru þar kennd útfrá vitund nemandans.

Til eru svo semsagt skólar sem taka TM inn í sína reglubundnu kennslu;
þ.e. bæta TM-iðkun við án þess að hafa þessi fræði sem aðalfag.

Þá þarf að finna 10 - 20 mínútur í upphafi hvers skóladags til TM-
iðkunar í hópi, kyrrðarstund („quiet-time),
og aðrar 10 - 20 mínútur í lok skóladags.

Það var auðleyst: hver tími (kennslustund) er stytta um þínupons,
nokkrar mínútur,
og reyndist árangurinn verða meiri við að kennslustundirnar styttaust.

Svo þetta var hið bezta mál.

Gæði tímans vóu upp þessa styttingu,
-- enda 40 mínútur aðeins í það lengsta fyrir einbeitinguna hjá börnum.

Bara bót að því að reyna hana ekki um of, svo allir séu að biða eftir langþráðum frímínútunum, einbeitingin að detta út annað veifið.

Svo fór að vísu(!), við daglega iðkun TM,
að börnin máttu ekki vera að því að hætta þegar hringt var út eftir 35 mínútna tíma. Það er svo gaman í skólanum.

Orkan, samræmingin og gleðin valda þessu.

5 ára börn læra semsagt göngu-mantra til að byrja með,
svo læra börn huglægu tæknina TM, sitjandi þá með lokuð augu,
10 ára börn læra TM-sidhi®,
í 9. og 10. bekk grunnskóla læra nemendur svo yógaflugíð.

Til viðbótar við TM er TM-sidhi® (/-, „fullkomið“), yóga-sútrur.

सूत्र súútra: sauma, tengja; þráður; tengir saman og heldur saman

Þá bætast 10-20 mínútur við TM-iðkunina.
TM í 15-20 mínútur,
sútrur í 10-20 mínútur,

yóga-flug í hópum er svo í 5 - 10 mínútur fyrir elztu grunnskóla-
nemendurnum.

Lengra (lengra „prógramm“) ef vill, t.d. í framhaldsskólum,
einkum í háskólunum.


Alltaf hvíld á eftir, því ekki má vaða úr kyrrðinni úti hasarinn,
heldur gefa sér tíma.

Bezt er að stúlkur séu sér í bekk með kvenkennara,
drengir sér í bekk með karlkennara,
því heili stúlkna og drengja vinnur ekki eins.
spurningar eru ekki eins,
hegðun er ekki eins.
Stúlkur verða betri leiðtogar hafi þær verið í sérbekk, að því er talið er.

Á framhaldsskóla- og háskólastigi er hægt að hafa lengri sútrutíma og
lengra flug. Lengri „dagskrá“ -- tíma sem ætlaður er í hugaþjálfunina.
Lengra „prógramm“.

Þúsundir nema um allan heim stunda yóga-flug í skólunum,

sér og þjóð sinni til heilla.




ISBN 978-0-923569-27-3 The Complete Book of Yogic Flying
Maharishi Mahesh Yogi's Program for Enlightenment and Invincibility

Mikil kyrrð og tærleiki innan einstaklinganna, innan skólans,
valda kyrrð og tærleika í þjóðarvitundinni,

við erum öll þessi vitund.

Með iðkun TM-sidhis þjálfast hugurinn í að hugsa útfrá samsviðinu.
Samsviðið er alls staðar, alls staðar í senn, alls staðar „hér og nú”.



Hér búa óendanlegir skapandi vitsmunir.

Lögmálin styðja við framkvæmd týréttra langana einstaklingsins,
en langanir, heilbrigðar langanir, eru drifkraftur lífs hvers manns.

Yóga-flugið sannar að hugur manns getur unnið útfrá sviði sem er innar
en það svið í skapaðri veröld sem þyngdarlögmálið er á
-- og þar með ótalfalt kraftmeira svið --

Með fingerðri hugsun útfrá samsviði allra náttúrulögmála,
lyftist líkaminn.

Gamlar sögur um fljúgandi fólk finnast í öllum heimsálfum.
Þegar svo nú eru tugir þúsunda manna sem lært hafa tæknina,
verður æ auðveldara að ná þessu,
því heimsvitundin hækkar smám saman.

Fljúgandi yógar í hópum saman iðka tæknina nú í öllum heimsálfum.
Þessu hefur maharishi komið til leiðar
til að færa öllum mönnum hamingju, heilzu, velmegun.


Þjáning á hvergi að finnast.

Hamingja heilza heild (í stað úreltrar ósvinnu)

The Complete Book of Yogic Flying

Maharishi Mahesh Yogi's Program for Enlightenment and Invincibility

ISBN 978-0-923569-27-3 höfundur: Craig Pearson, PhD (670 bls í A4-broti)



Í hoppinu, þegar líkaminn lyftist við hugsun, boð, úr samsviðinu,

-- sem er miklu kraftmeira svið en svið þyngdarafis/aðdráttarafis --

sýna heilalínurit fullkomið samræmi í heilabylgjum,
nánar tiltekið alfa-bylgjunum.

Þetta hefur Maharishi-áhrif út í þjóðfélagið.

Ef 1% þjóðar stundar TM saman á sama tíma, reglulega, mælast áhrifin í umhverfinu sem minna stress, færri slys, meiri jákvæðni.

Ef fjöldi, sem er aðeins kvaðratrótin af einu prósentu þjóðar,
stundar TM-sidhi og yoga-flugið saman,
mælast jákvæð áhrif í þjóðfélaginu.

og það veldur fasaskiptum í vitundinni,
í þjóðarvitundinni.
Slysum, útistöðum, erjum, fækkar.

Ef 1% þjóðarinnar iðkar TM saman reglulega,
eða smáhópur í yógaflogi


-- fyrir Ísland þarf innan við 70 manns --
verða Maharishi-áhrifin frægu.

Það eru áhrif á umhverfi iðkendanna -- aukaafurðin (!!!) --
sem kallast „ósigrandi“ vegna samanburðar við Meissner-áhrifin. (38.)

Hvað er TM?

hvað er TM ekki?

<http://dl.globalgoodnews.com/pdf/Consciousness-Based-Education.pdf>



© Global Country
eðlisfræði og vitund, TM, hugur og samsviðið.

Nokkrir punktar enn til minnis:

Gerðar eru rannsóknir innan vitundar,
þar sem engin mannleg hugsun er,
en aðeins tær vökul sjáandi vitund.

Heilinn vinnur samræmdar við iðkun samsviðstækninnar,
hugsunin verður skýrari, dýpri,
og víðsýni og heildarsýn eykst,
heilinn nýtist allur í senn, samræmi og „samgangur” mælist,
taugakerfið tært, engin streita, og uppsöfnuð streita eyðist
þar sem Hilbert-observables/operators-States hefur ætíð grunn í
samsviðinu, vísar í sjálft sig („self-referral”),
á ofsahraða, sífelld.

Mannshugurinn er úr samsviðinu einsog allt annað skapað í veröld
svo þetta er í raun ofureinfalt og ofur eðlilegt
og ofur eðlisfræðilegt, einfaldlega eðlisfræðilegt (!).

Þessi eðlisfræði eru einföld þegar maður stundar TM.

TM-vísindin og TM-tæknin eru eitt
Þetta hefur allt komið fram í útskýringunum.

Góða raun gefur að hafa telpur sér,
og stráka sér í tímum.
Heili kvenna vinnur öðru vísi en heili karla.
Konur kenna stelpunum, karlar drengjunum.

Hæfileikar telþna blómstra.
Þær spyrja allt annarra spurninga en strákarnir.
Hugsa örðu vísi,
og eru ákveðnari þegar strákarnir eru ekki í skólastofunni.
Við kynjaskiptinguna fá leiðtogahæfileikar betur að njóta sín.

Stúlkurnar og drengirnir náðu afburðaárangri í háskólum.
„Records of Excellence“.

Hverju barni er hollast að vera hjá mömmu sinni.
Kennsla á móðurmálinu er mjög mikilvæg.
Talið er að móðirin hafi 10 sinnum meiri áhrif á barnið og þroska þess en faðirinn eða nokkur annar.
Móðirin er mikið afl.
Mikilvægi móðurinnar fyrir lífið er ómetanlegt.

Mæður sem hafa gengið í Maharishi-skóla eru uppljómaðar,
og þeim leiðist ekki að vera heima hjá börnunum sínum.

Náttúran ætlast til að ávextirnir fái að þroskast á greinunum,
ekki að þeir séu pillaðir af óþroskaðir og geymdir í gámum og kælum þar
til þeir eru svo látnir í hillur/kæla stórmarkaðanna,

og náttúran hefur komið því svo fyrir að ungvíðið nærast og líður vel hjá
mömmunni sinni.

Við skulum gefa þessu gaum í öllu veraldarvafstrinu,
og staldra aðeins við og meta hvers virði hvað er í þessu lífi okkar.
Er ekki alltaf verið að slá um sig með orðinu forgangsröðun?
Hvað kemst á blað fyrir þessa margumræddu forgangsröðun?
Það mætti endurskoða listann áður en forgangsráðað er.
Líklega má bæta við verðmætum og fella brott hismi, þegar betur er að
gáð.

Til eru heimssamtök kvenna um vitundarþroskamenntun
innan Heimsríkisins,
Global Mother Divine Organization.

Myrkrið hverfur um leið og við kveikjum ljósið,
svo endilega kveikja ljósið.

Hið veigamesta hlutverk konunnar er að bera inn í líf barnanna æðstu
þekkingu, fullkominn skilning á dýpstu sviðum lífsins, uppruna þess.

Skilningur á lífinu og tilgangi þess þarf að vera vöggugjöf til hvers einasta
barns.

Menntun er til að þroska og þróa einstaklinginn.

Menntun á ekki eingöngu að miða að að menn verð vinnujálkar með hátt kaup.

Of mikið fyrirfinnst af þannig láγκúru.

Við erum ekki að fæðast til að auka kyn okkar og vinna.

Við fæðumst til að þróast til fullkomnunar,
og til að gera betri heim.

Ofur einfalt: Það sem maðurinn er alltaf að leita, er innan okkar,
í vitund.

Og við notkun TM-tækninnar víkkar mannshugurinn út í hið

óendanlega, gleiða Glæðheima, hið óskapaða, eilífa,

það svið tilverunnar sem allt er úr skapað, skaparann sjálfan.

Allar vonir mannsins í gegnum aldir og árþúsund kristallast hér í
raunveru í stað vonar, þrár og biðar.

Við skilning á þessum vitundarvísindum

(SCI, science of creative intelligence)

og skilning á alheimsvitund sem er á hreyfingu innan sjálfrar sín,

skiljum við grunn alls sem er í veröld;

skiljum í raun einnig skoðanakerfi og vonir mannsins um himnaríki á
jörð.

Til að ná þessu á nóinu er í boði handa öllum mönnum einföld huglæg
tækni og djúp vísindi.

Þetta, og þetta eitt, ber með rentu nafnið vísindaöld.

Menntunarviðbót -- vökull og klár hugur í jafnvægi og kyrrð --

Allri menntun er verið að breyta í heiminum nú í menntun byggða á
vitund

(Consciousness-Based Education, CBE).

Vitundarþorski nemenda, frá 5 ára upp í doktorsgráður, kemst á æðra
svið, æðra vitundarstig, við notkun TM-tækninnar

Menn læra og skilja SCI (Science of Creative Intelligence), skapandi
vitsmuni, kennt sem tærustu vísindi.

(innskot: opinbert mál Global Country er sanskrit, en einhverra hluta vegna
notum við samt ensku til samskipta um víðan heiminn;
greinilega ekki allir búnir að læra sanskrit?)

Hvers óskum við helzt handa börnunum?

Forgangsröðum hér og nú uppá nýtt.

Records of Excellence (samantekt um námsárangur TM-nema), sýnir frábæra frammistöðu nemenda á öllum sviðum eftir nám í Maharishi-skólum frá grunnskóla upp í Maharishi háskóla (í grunnskóla, í menntaskóli, og í BA, MA, PhD).

Kallast „super-kids“, sópa inn verðlaunum; vegna þess að hugurinn er tærari og allt nám áreynzlu- og streitulaust.

Ofur einföld skýring.

Einnig staðfesting fundin með EEG, góðu líkamlegu ásigkomulagi og andlegu jafnvægi, alls konar prófun á viðbraðgsflýti, réttri ákvarðanatöku, einbeitingu, úthaldi, námsgleði, auðveldri samvinnu í þjóðfélaginu, og í skólanum, heima, í íþróttum.....; betri, sjálfstæðari og háþróaðri hamingjusamir einstaklingar, sem gera sér og öðrum gagn.

Viðurkennt er meðal beztu vísindamanna að þessi hin fullkomna menntun, vitundarþroskamenntun, CBE, er lausn vandamála, hún örvar og þróar heildarmöguleika heilans og sköpunargáfu innan hvers einasta nemanda.

Kostir fyrir kennarana (sem á við um börnin og þá sjálfa):

innri kyrrð og jafnvægi

betri heilza og minni streita,

opnari sköpunarhæfileikar,

stálfstraust og ánægja,

betri hæfileikar til að tjá sig og skila af sér verkefnum,

koma hugsunum sínum til skila á skilmerkilegan hátt,

samband kennara og nemenda gott,

og nemendanna þeirra í millum,

jafnvel í kennarastofunni verður andrúmsloftið yndislegra,

og skólinn allur sem vinnustaður verður aðlaðandi,

að auki verða færri veikindagar, sem skilar sér í minni kostnaði,

því mælt hefur að kennarar sem stunda TM í sínum skólum eru hraustari en kennarar í úreltu skólunum.

Streita veldur veikindum, streitulaust taugakerfi virka bezt.

Gefur því auga leið að þessa menntun þarf í kennaraskólum,

kennaraháskólum sem mennta kennarana.

Hver einasti skólustjóri þarf að nota tæknina, beita henni, í sínum skóla.

Boðin er fullkomin menntun.

Hundruð vísindarannsóknaniðurstaðna auk áratuga reynzlu af TM í skólum um allan heim, sýna, að hvar sem tæknin er notuð blómsta öll svið kennslunnar,

kennarar og nemendur.

Allt skólaumhverfið verður samræmt, lifandi, streitulaust.

Öllum menntaleiðtogum er boðið að bæta TM við í stundaskrána, og svo TM-sidhi og yoga-fluginu, sem fullkomnar heilastarfsemi allra.

Til viðbótar þessarar beinu reynzlu af vitund, hvernig vitund vikkar út í hið óendanlega, það svið sem er svið allra möguleika, er í boði að skilja til fulls hver vísindalegur grundvöllur liggur að baki þessu (með þaulhugsuðu og fullkomnu námsefni sem í boði er), og hvernig nákvæmlega þetta virkar í daglegu lífi hvers og eins.

Einnig hvernig áhrifin gerast sem kyrra þjóðfélagsvitundina.

Með þessu námi lærir hver og einn að skilja og skynja eigin óendanlega möguleika, hvernig nýta má þá til fulls þeim sjálfum og öðrum til ómetanlegs gagns. Þegar stór hópur nema stundar saman TM-sidhi, rís velmegun og vellíðan í öllu þjóðfélaginu. Samræmi, ósigranleiki (38.), og þjóðfélagið nýtur þess að æðstu vísindi í menntun eru notuð.





Dr Roger Chalmers, GP in East Anglia, in his recent review of scientific research on Transcendental Meditation***, lists findings that endorse the benefits for students:

- Improved attention, perception, and mind-body co-ordination;
- Increased orderliness and integration of brain functioning;
- Reduced blood pressure in pre-hypertensive adolescents;
- Increased field independence (indicating greater ability to maintain broad comprehension while focusing sharply);
- Comprehensive benefits for mental health and well-being;
- Increased social maturity in college students;
- Reduced behaviour problems in students, with decreased absenteeism, rule infractions, and suspension days;
- Settled, positive atmosphere conducive to successful learning; and
- Increased harmony between students and teachers.

The specialists Dr Fred Travis and Derek Cassells quoted above are available for interview.

Vitundarþroskamenntun
Consciousness-Based Education
CBE
ISBN 978-9935-409-36-2

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मिस्म aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkunnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveurrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með vísindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa

Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hveurrar forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnsdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð
Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
